



Zebra eru Jens Hansson og Guðmundur Jónasson.

Tónlist með aðstoð myndbandstækni

Zebra er fyrirbrigði sem nýverið hefur blómgast í íslenskri tónlistarflóru en það er hugarfóstur „Sálar“bræðra, Guðmundar Jónssonar gítarleikara og Jens Hanssonar saxófónleikara. Hafa þeir félagar undanfarin misseri unnið í hljóðveri ásamt tölvum og hljóðvinnsluvélum alls konar og soðið saman hljómseið sem reynir á þanþol

Tónlist

hins viðtekna dægurlagaforms og er nú komin á markaðinn geislaplata með afurðinni.

Zebra mun af því tilefni halda útgáfuteiti á Gauki á Stöng í kvöld og spila þar með fulltingi myndbandstækni, lög af geislaplötu sinni. Frumsamin tónlist, vegleg ljós- og myndbandasýning, stendur því reykvískum skilningarvitum til boða á Gauknum í kvöld.